

Reykjavík, 22. maí 2018

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
bt. William Freyr Huntingdon Williams
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Efni: Drög að sjöundu breytingu á byggingareglugerð nr. 112/2012, innviðir rafbíla o.fl. – samráðsgátt mál S-57/2018

Eins og áður hefur komið fram af hálfu Samorku eru fyrirhuguð breyting á byggingareglugerð nr. 112/2012 mjög jákvæð og mikilvægur þáttur í innviðauppbýggingu sem leggur grunninn að orkuskiptum í samgöngum.

Samorka veitti umsögn um fyrstu drög að breytingu á byggingareglugerðinn hér að lútandi síðasta sumar og er jákvætt að tekið hefur verið fullt tillit til ábendinga okkar hvað varðar íbúðarhúsnæði. Við teljum hins vegar að ákvæðið vegna annars húsnæðis, gr. 6.8.1, (sem einnig vísar í greinar 6.9 og 6.11) þurfi að vera mun ákveðnara og skýrara.

Undir þetta ákvæði og önnur tilvitnuð ákvæði fellur allt það húsnæði sem ekki flokkast undir íbúðarhúsnæði, þ.e. allt atvinnuhúsnæði, opinberar byggingar, bílastæðahús o.s.frv.

(**Gr. 6.9** Samkomuhús, verslunarhúsnæði, iðnaðarhúsnæði, skólar, hótél, gististaðir, heimavistir, stúdentagarðar, hjúkrunarheimili o.s.frv. **Gr. 6.11** aðrar byggingar, s.s. frístundahús, sæluhús, veiðihús fjallaskálar, landbúnaðarbyggingar, birgðageymslu, bílafeymslur, sérstök mannvirki, þjónustukjarnar og starfsmannaíbúðir).

Hér þarf að hafa í huga að þrátt fyrir að erlendar kannanir sýni að flestir rafbílaeigendur hlaði heima hjá sér og margt bendi til þess að það eigi líka við hér, þá má leiða að því líkum að þeir sem fyrstir eru til að kaups sér rafbíl séu þeir sem búa í sérbylí og eigi auðvelt með að hlaða.

Þá sýna erlendar kannanir einnig að næst á eftir heimilinu séu vinnustaðir þegar kemur að hleðslu. Því er mikilvægt að kveðið sé sterkara að orði en „hugað [skuli] að tengibúnaði“ á bílastæðum. Hér þarf að hafa í huga að ýmsar kvaðir eru lagðar á atvinnuhúsnæði og opinberar byggingar og því mikilvægt að einhverjar lágmarkskvaðir séu lagðar á hér að lútandi á nýbyggingar og endurbyggingar til að framtíðar litið.

Að öðru leyti vísar SAMORKA til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja.

Virðingarfyllt,



Páll Erland,
framkvæmdastjóri